

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/39/ESB

2015/EES/74/68

frá 12. mars 2014

um breytingu á tilskipun 2012/9/ESB að því er varðar dagsetningu lögleiðingar hennar og lokadag umbreytingartímabilsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/9/ESB ⁽²⁾ kemur í stað I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB og þar er kveðið á um nýjar viðbótarviðvörðunarmerkingar sem skal nota á einingarpakka, sem innihalda tóbaksvörur, eins og kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/37/EB.
- 2) Í tilskipun 2012/9/ESB er dagsetningin 28. mars 2014 fastsett sem eindagi fyrir aðildarríkin til að lögleiða tilskipunina og 28. mars 2016 sem lokadagur umbreytingartímabilsins sem kveðið er á um í 3. gr. þeirrar tilskipunar.
- 3) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/641/EB ⁽³⁾ er komið á reglum um notkun ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda í viðvörðunarmerkingum á tóbakspökkum.
- 4) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2005) 1452 frá 26. maí 2005 er komið á fót safni valinna frumskjala sem innihalda ljósmyndir í lit eða annars konar skýringarmyndir fyrir sérhverja viðbótarviðvörðunarmerkingu sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB.
- 5) Eftir að tilskipun 2012/9/ESB var samþykkt hefur framkvæmdastjórnin hrint af stað rannsóknum til að þróa og prófa nýjar ljósmyndir í lit eða annars konar skýringarmyndir fyrir sérhverja viðbótarviðvörðunar-

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26.

⁽²⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/9/ESB frá 7. mars 2012 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum (Stjtið. ESB L 69, 8.3.2012, bls. 15).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/641/EB frá 5. september 2003 um notkun ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda í viðvörðunarmerkingum á tóbakspökkum (Stjtið. ESB L 226, 10.9.2003, bls. 24).

merkingu sem er tilgreind í viðaukanum við tilskipun 2012/9/ESB sem kom í stað I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB. Þessum rannsóknum er enn ekki lokið.

- 6) Aðildarríki sem gera kröfu um viðbótarviðvaranir í formi ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda, eins og um getur í 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/37/EB, verða að hafa völdu frumskjölin til ráðstöfunar með nægilegum fyrirvara til að lögleiða tilskipun 2012/9/ESB.
- 7) Sökum þess hversu flókið ferli það er að uppfæra safn valinna frumskjala og breyta ákvörðun C(2005) 1452 er hætta á að ferlinu verði ekki lokið innan tímaramma sem veitir aðildarríkjunum nægan tíma til að hlíta lögleiðingarfresti tilskipunar 2012/9/ESB.
- 8) Til að tryggja að aðildarríkin hafi nægan tíma þykir rétt að fresta eindaganum á lögleiðingu tilskipunar 2012/9/ESB og lokadegi umbreytingartímabilsins sem kveðið er á um í þeirri tilskipun.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/37/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2012/9/ESB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað „28. mars 2014“ í 1. mgr. 2. gr. komi „28. mars 2016“.
- 2) Í stað „28. mars 2016“ í 3. gr. komi „28. mars 2018“.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.
